

2012

Ungmennaráð sveitarfélaga



Samband íslenskra sveitarfélaga

Valur Rafn Halldórsson

mars 2012

Málsnr: 1106027SA

Ungmennaráð sveitarfélaga

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2012/10
Borgartúni 30
Pósthólf 8100
128 Reykjavík
Umsjón með útgáfu: Valur Rafn Halldórsson

Í þessu skjali má finna upplýsingar um fjölda og staðsetningu ungmennaráða á vegum sveitarfélaga sem og aldur fulltrúa í ráðunum. Töluverð fjölgun hefur verið á ungmennaráðum seinustu árin og því taldi sambandið mikilvægt að afla frekari upplýsinga um þau.

Sendur var út tölvupóstur á öll sveitarfélögin þar sem spurt var hvort það væri starfandi ungmennaráð í sveitarfélaginu líkt og kveðið er á í æskulýðslögum nr. 70/2007 og einnig var spurt um fæðingarár fulltrúanna. Þau sveitarfélög sem svöruðu ekki fengu ítrekun og að lokum var hringt í þau sveitarfélög sem voru ekki búin að svara. Svör fengust frá öllum 75 sveitarfélögum.

Ungmennaráð á landsvísu

Saga ungmennaráða á Íslandi er ekki löng, fyrsta ungmennaráðið í Reykjavík varð t.d. ekki til fyrr en í tengslum við tilraunasveitarfélagsverkefni Miðgarðs í Grafarvogi 1998. Þá áttu ungmenni að vera hluti af Grafarvogsráði en þau fundu sig ekki í því. Þess vegna stofnuðu ungmennin ungmennaráð Grafarvogs sem var svo fyrirmynd að ungmennaráðum sem voru stofnuð í Reykjavík árið 2001. Með stofnun þeirra var vonast eftir því að borgaryfirvöld myndu huga meira að málefnum ungs fólks í borginni.


Þrátt fyrir að ungmennaráð í Reykjavík hafi orðið til á þessum árum þá urðu þau ekki algeng fyrr en eftir að nýju æskulýðslögin tóku gildi árið 2007. Í þeim lögum er talað um mikilvægi þess að auka lýðræðisvitund ungmenna og hvetja þau til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Í 11. gr. laganna segir einnig að sveitarstjórnir skuli hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð til að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að ungt fólk hafi tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélagi sínu, sem byggist á lýðræði og tækifærum til að koma að ákvörðunum er snerta líf þeirra.

Með stofnun ungmennaráða eru stjórnvöld að koma til móts við tilmæli um lýðræðislega þátttöku ungs fólks sem talað er um í Hvítbók framkvæmdastjórnar ESB og í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í Hvítbók ESB segir að markmið hennar sé að fá ungt fólk til að vera þátttakendur í ákvarðanatöku innan ESB. Þar er tekið fram að ungt fólk hafi vilja og áhuga til að taka þátt, en sækir það þó ekki í hefðbundin pólitísk öfl. Því er nauðsynlegt að búa til vettvang fyrir ungt fólk til að hafa áhrif og eru ungmennaráð m.a. sá vettvangur hér á landi. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er talað um rétt barna til að viðra skoðanir sínar og mikilvægi þess að aðildarríki tryggi börnum rétt og aðstæður til að koma skoðunum sínum á framfæri. Grunnforsendur ungmennaráða hér á landi eiga því rætur að rekja til Barnasáttmálans, Hvítbókar ESB og nýrra æskulýðslaga.

Fjölgun á seinustu árum

Umboðsmaður barna barðist lengi fyrir því að búinn yrði til vettvangur fyrir unglinga til þess að hafa áhrif á sitt nærumhverfi og tókst það með æskulýðslögum nr. 70/2007 þar sem kveðið er á að sveitarfélög stofni ungmennaráð. Ári seinni eða árið 2008 sendi Umboðsmaður barna spurningalista til allra sveitarfélaga landsins til að kanna hvort búíð væri að stofna ungmennaráð í sveitarfélaginu. Í ljós kom að 14 sveitarfélög voru búin að stofna ungmennaráð og 30 stefndu að því.


Í október 2010 tók Valur Rafn Halldórsson saman hversu mörg sveitarfélög væru með ungmennaráð og kom í ljós að ráðin voru orðin 24. Í byrjun árs 2012 framkvæmdi Samband íslenskra sveitarfélaga viðlíka rannsókn og þá kom í ljós að ungmennaráð voru starfrækt í 31 sveitarfélagi.



Er þetta töluerð fjölgun en þrátt fyrir að ungmennaráðum hafi fjölgað undanfarin ár, þá hefur sumstaðar verið erfitt að fá ungt fólk til að taka þátt í þessu starfi og eitt sveitarfélag gafst upp á að starfrækja ungmennaráð vegna áhugaleysis ungmenna.

Árið 2008 voru 14 sveitarfélög með ungmennaráð eins og hefur áður komið fram en í þeim sveitarfélögum bjuggu 60% íbúa landsins. Tveimur árum seinna voru ungmennaráð í sveitarfélögum þar sem um 74% íbúa landsins bjuggu. Í ár er 31 sveitarfélag með ungmennaráð og í þessum sveitarfélögum búa yfir 262.000 einstaklingar skv. Hagstofu Íslands, eða um 82% íbúa landsins. Þrjú sveitarfélög eru um þessar mundir að undirbúa stofnun ungmennaráða og í þeim búa tæplega 35.000 einstaklingar. Þegar þau bætast við má gera ráð fyrir að 93% íbúa landsins muni búa í sveitarfélagi sem er með ungmennaráð.

Mörg sveitarfélög eru fámenn og eiga því í erfiðleikum með að stofna ungmennaráð. Sem dæmi þá eru 13 sveitarfélög með færri en 200 íbúa og 17 sveitarfélög með 200-600 íbúa. Í þessum sveitarfélögum er erfitt að stofna ungmennaráð vegna fámennis en hugsanlega geta einhver sveitarfélög stofnað ungmennaráð saman. En tvö sveitarfélög eru í dag með sameiginlegt ungmennaráð.




Í dag eru það aðallega meðalstóru og stóru sveitarfélögin sem eru með ungmennaráð þó svo að nokkur fámennari sveitarfélög séu með ungmennaráð. Fjögur sveitarfélög með undir 1000 íbúum eru með ungmennaráð. Í töflunni hér að neðan má sjá hvaða sveitarfélög eru með ungmennaráð í dag.

- | | |
|--------------------------------|--------------------------------|
| 1 Reykjavíkurborg | 17 Akureyrarkaupstaður |
| 2 Seltjarnarneskaupstaður | 18 Norðurþing |
| 3 Garðabær | 19 Fjallabyggð |
| 4 Hafnarfjarðarkaupstaður | 20 Dalvíkurbyggð |
| 5 Mosfellsbær | 21 Þingeyjarsveit |
| 6 Reykjanesbær | 22 Fjarðabyggð |
| 7 Grindavík | 23 Fljótsdalshérað |
| 8 Sandgerðisbær | 24 Sveitarfélagið Hornafjörður |
| 9 Sveitarfélagið Vogar | 25 Sveitarfélagið Árborg |
| 10 Akraneskaupstaður | 26 Ásahreppur |
| 11 Borgarbyggð | 27 Rangárþing eystra |
| 12 Grundarfjarðarbær | 28 Rangárþing ytra |
| 13 Stykkishólmsbær | 29 Hveragerðisbær |
| 14 Snæfellsbær | 30 Sveitarfélagið Ölfus |
| 15 Ísafjarðarbær | 31 Hvalfjarðarsveit |
| 16 Sveitarfélagið Skagafjörður | |

Staðsetning sveitarfélaga sem eru með ungmennaráð

Á myndinni hér að neðan má sjá hvar sveitarfélögin sem starfrækja ungmennaráð, eru staðsett. Á myndinni er búið að skipta landinu upp í ákveðin landsvæði og er hver landshluti með sinn lit. Inni í hverjum landshluta er svo tekið fram hve mörg sveitarfélög eru innan þess landshluta og hve mörg þeirra starfrækja ungmennaráð.



Á myndinni sést að allir landshlutar eru með alla vega eitt ungmennaráð og er það staðsett í stærsta byggðarkjarna þess landshluta. Ef við skoðum hlutfall sveitarfélaga innan hvers landshluta þá sjáum við að Vestfirðir og Norðurland vestra koma verst út, bæði með eitt sveitarfélag sem starfrækir ungmennaráð. Þetta merkir að á Vestfjörðum eru 11% sveitarfélaganna með ungmennaráð og á Norðurlandi vestra eru það 14% sveitarfélaganna. Norðurland eystra er betur stutt en þar eru 38% sveitarfélaganna með ungmennaráð. Ef við tökum allt Norðurland saman þá eru 30% sveitarfélaganna þar með ungmennaráð. Á Vesturlandi eru 60% sveitarfélaganna með ungmennaráð og ef við tökum Vesturland og Vestfirði saman þá eru 37% sveitarfélaga á því svæði með starfrækt ungmennaráð. Á Austurlandi eru 25% sveitarfélaganna með ungmennaráð og á Suðurlandi er hlutfallið 47%.

Höfuðborgarsvæðið kemur ágætlega út en þar eru 63% sveitarfélaganna með ungmennaráð en hins vegar er besta hlutfallið á Suðurnesjum, þar eru 80% sveitarfélaganna með ungmennaráð. Er það mikil breyting frá því árið 2010 en þá var einungis eitt af fimm sveitarfélögum með ungmennaráð.

Aldurskipting

Í æskulýðslögunum er talað um að þau miðist við æskulýðsstarf fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6-25 ára og að viðmiðunaráldur ungmennaráða sé 13-17 ára þar sem 18 ára einstaklingar eru komnir með kosningaaldur. Sveitarfélögin hafa þó frjálsar hendur með nákvæmar reglur, hlutverk og val í ungmennaráð eins og segir í 2. mgr. 11. gr. laganna. Á myndinni hér að neðan má sjá hvaða ár ungmennaráðsfulltrúar sveitarfélaga eru fæddir.

Fæðingarár	Fjöldi fulltrúa	% af fulltrúum
1988	2	0,9%
1989	0	0,0%
1990	1	0,5%
1991	6	2,7%
1992	12	5,5%
1993	15	6,8%
1994	28	12,7%
1995	43	19,5%
1996	59	26,8%
1997	43	19,5%
1998	9	4,1%
1999	1	0,5%
2000	1	0,5%
	220	100%

*Í töfluna vantar upplýsingar frá tveimur sveitarfélögum.

Eins og sést á þessari mynd þá er aldur ungmennaráðsfulltrúa misjafn. Yngsti ungmennaráðsfulltrúinn er, skv. þeim upplýsingum sem Samband íslenskra sveitarfélaga aflaði, fæddur árið 2000 eða 12 ára í ár á meðan sá elsti er fæddur árið 1988 eða 24 ára í ár. Algengast er þó að fulltrúarnir séu 15-18 ára.

Horft fram á veginn

Þrátt fyrir að ungmennaráðum hafi fjölgað mikið á seinustu árum er mikilvægt að leggja áfram áherslu á fjölgun þeirra og starf svo ráðin lognist ekki útaf. Það að stofnsetja ungmennaráð er nefnilega ekki nóg því sveitarstjórnir þurfa að virkja ráðin og sýna starfi þeirra áhuga og leita til þeirra með þau málefni sem snerta ungt fólk. Í raun er einungis hálfur sigur unninn með þessum mikla fjölda ungmennaráða, því nú þarf að virkja ráðin betur til þess að þau geti haft þau áhrif sem þau eiga að hafa.